



# Tvær greinargerðir um Síldarverksmiðju ríkisins, lýsisskilvindur, fiskimálanefnd, karfaveiðar, sósíalístao.fl. 1935, undirritaðar af Sveini Benediktssyni

---

Bjarni Benediktsson – Tvær greinargerðir um Síldarverksmiðju ríkisins – Lýsisskilvindur –  
fiskimálanefnd – Héðinn Valdemarsson – karfaveiðar - sósíalístao.fl. 1935, undirritaðar af Sveini  
Benediktssyni – Þórður Þorbjarnarson – Síldarlýsi – Vítamínauðlegð karfalifrarinnar – Meira verðmæti  
- Alþýðublaðið – Bergmáls-dýptarmælirinn – Alþýðusambandið – Verkbann – Sólbakkaverksmiðja -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þrásinnis hafa sosialistar ranglega eignað Fiskimálanefnd og númerandi ríkisstjórn, að stofnað var til karfaveiðana og gert að því mikið veður. Jafnframt hafa þeir kent einkaframtakinu um það, að ekki hafi verið hafist handa um karfavinslu fyr en síðari hluta ársins 1935. En um það hafa þeir vandlega þagað, að til þess lágu margar ástæður, að ekki var arðvænlegt að stunda karfaveiðar til bræðslu fyrri en haustið 1935.

Lýsisskilvindur í síldarverksmiðjum fengu fyrst verulega útbreiðslu hér á landi árið 1935, og það ár komu fyrstu lýsisskilvindurnar í Síldarverksmiðjur ríkisins. Áður höfðu verksmiðja Kveldúlfs á Hesteyri, verksmiðja Goos á Siglufirði og Krossanessverksmiðjan fengið lýsisskilvindur. Fyr en lýsisskilvindur komu til sögunnar var ekki hægt að ná neinu sem hét af lýsi úr karfa með þeim tækjum, sem fyrir hendi voru í verksmiðjunum og sú hafði orðið raunin á við þá tilraun, sem gjörð var á Sólbakka árið 1926.

Það var einnig árið 1935, að dr. Þórður Þorbjarnarson leiddi endanlega í ljóssvítamínauðlegð karfalifrarinnar og hagnýtingu hennar var því ekki til að dreyfa fyr en þetta nýja verðmæti var fundið.

Á árinu 1935 urðu straumhvörf í verðlagi síldarlýsis, og þar með búklýsis karfans. Síldarlýsið hækkaði á því ári úr 188.27 kr. pr. tonn cif. upp í 387.63 kr. pr. tonn, eða yfir 100%.

Þangað til skilvindurnar komu til sögunnar við vinnsluna var ekki hægt að treysta því <sup>af</sup> meira verðmæti næðist úr karfanum,

en mjölið eitt, en verðmæti þess úr hverju máli myndi undanfarin ár hafa verið kr. 5.00 - 5.50.

Þangað til árið 1935 var því ekki hægt að reikna svo varlegt væri með meira verðmæti úr málinu en þetta. Þó að allt búklýsið, sem nú næst með skilvindunum, hefði náðst á árunum 1930 - '34, myndi það með páverandi lýsisverði aðeins hafa hækkað afurðaverðmæti úr hverju máli um ca. kr. 1.65 eða úr kr. 5.00 - 5.50 upp í kr. 6.65 - 7.15. En hinsvegar hlaut kostnaðurinn við vinnsluna og hráefnisverðið að verða samtals kr. 9.00 - 10.00 á málið.

Stórtap var því fyrirsjáanlegt á karfavinnslu þangað til hinar tæknislegu umbætur, uppgötvun Dr. Þórðar Þorbjarnarsonar, ásamt verðhækkun lýsisins komu til greina árið 1935. Þá fyrst var mögulegt að hagnýta aukin verðmæti, sem nema nærri kr. 5.00 úr hverju máli.

Með því var skapaður möguleiki fyrir því að karfavinnsla gæti borið sig fjárhagslega, ef reikna mátti með uppgripa afla hjá veiðiskipunum, en um uppgripa veiði gat ekki verið að ræða á karfa að staðalri fyrir en Marconi bergmálsdýptarmælirinn var almennt kominn í notkun á togurunum, en það var ekki fyrir en 1932 - 1933.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins samþykkti í miðjum ágúst-mánuði 1935 að hefja nýja tilraun með karfavinnslu. Tilraunir höfðu áður verið gjörðar af Kristjáni heitnum Torfasyni og Kveldúlfi, en þá strandaði sumpart á hinum tæknislegu örðugleikum, og sumpart á því, að veiðar á síld og þorski voru arðvænlegri. Þegar stjórn Síldarverksmiðja ríkisins tók þá ákvörðun að hefja nýja tilraun, voru 4 af 5 stjórnendum verksmiðjanna á fundi og samþykktin gerð með atkvæðum tveggja

Sjálfstæðismanna, eins Framsóknarmanns og eins Jafnaðarmanns, en annar fulltrúi Jafnaðarmanna var fjarverandi. Átti því Sjálfstæðisflokkurinn jafnmikinn þátt í því, að stofna til þessarar tilraunar og báðir hinir flokkarnir samanlagt. Þessi tilraun tókst svo vel að hún átti mikinn þátt í því að hrinda karfaveiðunum af stað. Fiskimálanefnd og ríkisstjórn voru alls ekki spurð ráða og áttu engann þátt í því að tilraunin var hafin, en eftir á, þegar séð varð að hún myndi takast vel, hlupu bæði formaður Fiskimálanefndar, Héðim Valdemarsson, og atvinnumálaráðherra fram fyrir skjöldu og vildu eigna sér forgöngu í málinu, og í þeim tilgangi mun Fiskimálanefnd hafa lagt fram fjárstyrk til framhalds tilrauna á karfaveiðum.

Formaður Fiskimálanefndar og Alþýðublaðið gengu svo langt í því, að eigna sér verk annara viðvíkjandi karfavinnslnni, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins ákvað á fundi að krefjast leiðréttingar á ummælum Alþýðublaðsins. Sendu þeir Þormóður Eyjólfsson, Jón Þórðarson, Jón Gumarsson, og Jón Sigurðsson og undirritaður (Sveinn Benediktsson), blaðinu leiðréttingu, en henni stakk blaðið undir stól og hélt áfram uppteknum hætti.

Það er eftirtektarvert í sambandi við karfaveiðarnar, að það er einkaframtakið sem gerir fyrstu tilraunirnar og ruddi úr vegi hinum tæknislegu örðugleikum, innleiddi skilvindurnar og bergmáls-dýptarnælirinn.

Sósíalistar geta hinsvegar ekki pakkað sér annað en afrek <sup>sambandsins</sup> Alþýðublaðsins síðastliðið vor, þegar það kom á 6 vikna verkbanni við Sólbakkaverksmiðjuna. Verkbanni þessu var beint gegn verkamömmum á Flateyri. Alþýðusambandið hafði með því nær eyðilaggt karfavinnsluna síðastliðið ár, því að ef Alþýðusambandinu hefði tekist að halda verkbaninu áfram 1 - 2

vikum lengur myndi verksmiðjan á Sólbakka hafa unnið úr síld síðastliðið sumar, en ekki karfa.

Um framtíð karfaveiðanna skal ekkert fullyrt. Hún er komin undir afurðaverði, afla og tilkostnaði.

Eins og nú horfir munu afurðirnar úr hverju máli (135 kg.) af karfa vera um 3 til 4 krónum verðminni, en úr síld.

Ágætis afli af karfa var í september í hitt eð fyrra, en aftur tregur á sama tíma í fyrra. Tilraunir til að veiða karfa fyrri hluta maímánaðar nú í sumar mistókust að mestu, en aflinn virðist glæðast <sup>fyrir og um miðjan maí</sup> hjá togurunum sem veiða fyrir verksmiðju sona Ólafs Jóhannessonar á Patreksfirði. Hávarður Ísfirðingur, sem átti að veiða fyrir Sólbakkaverksmiðjuna, aflaði lítið fyrri hluta maímánaðar, enda var veður óhagstætt. Hávarður hætti veiðum eftir vikutíma, og hafði þá aðeins aflað um 50 tonn. Ákveðið er að Sólbakkaverksmiðjan, er í fyrra sumar vann úr karfa, vinni úr síld í sumar.

Sósíalistar telja sér framkomu sína í karfaveiðunum meir til gildis en afskipti sín af nokkru öðru atvinnumáli, og bendir það á að þeir hafi ekki af miklu að státa.

Kveldulfur tefur sent tvo fagora Gullkapp og þurvalf á Karfaveiðar þann 17. maí, en þeir höfðu lítið aflast, er síðast flettest (vegna ógættar).

Levin Benediktsson

Vegeu hris alveg ístlílega fram bota  
sem mi er á bræðslusíðu í Siglufirði.  
Sökum vinnuástandum á milli: Þrossa  
hafa verkefni til sjálfgerðis þess  
S. S. og Dr. Paul heit aðstoða  
sinnar til að þrýsta vörðum mínum  
um 20% hjá sumum öðrum um  
líka 60% frá þess vörðum sem  
síðan verkefni til sjálfgerðis hefur  
áætlað og hjálkað verkefni þess  
á "Dunckerfirði" hefur greitt þá  
þessum við þess um á milli sjálfgerðis  
á gripa tafarlaust til þess sem  
þess um á milli sjálfgerðis að gefa út  
bræðslusíðu um lögmælt  
vörðum á bræðslusíðu þetta er og  
leggjum við til að þess vörðum  
á bræðslusíðu þess um á milli  
bræðslusíðu.

ÍSLANDBANKI

Reykjavík, 19

Innlánsbók nr.

Úttekið: Kr aur.

Nafn þess er tekur út

Heimili

Vege þess stórtjóis sem síð-  
veititgerðin jafnt útgerðarmenn  
og sjómenn hefa hafið og  
hafið að vita af framhald  
verðis á vinustöðvörðum í  
þrossum þessum veir undir  
vitum útgerðarmenn og men-  
töðvörðum þessum hefur  
skora á hafið vátuneyti að  
geva hit jtrasta til að komna  
a sattuðum sem allra fyrst  
þar sem þjón útgerðarmanna  
og sjómanna vit fram hald  
vinustöðvörðum  
nemen þugum þessum þessum  
á þessum degi er hafið  
inlæsið nauðsyndi í þessu  
máli

Fyrir hönd útgerðarmanna. Af  
Ingvar Guðj. Guðm. Pét.

F. h. útgerð. 14. sunn. síðlok.  
Sveinn Þen.